

## Ágrip

Í verkefni þessu verður kannað hvernig tekið er á móti ungmennum af erlendum uppruna í skipulögðu tómstundastarfi á Norðanverðum Vestfjörðum, hvort heldur sem er á vegum sveitarfélaganna eða frjálsra félagasamtaka. Tekin voru viðtöl við nokkur ungmenni af erlendum uppruna, einnig foreldra og fósturforeldra ungmenna af erlendum uppruna á Norðanverðum Vestfjörðum þar sem þau sögðu frá reynslu sinni. Lagt var upp með að aldur þeirra sem viðtölin voru tekin við væri sem hæstur og var enginn viðmælenda undir 17 ára aldri. Einnig voru tekin viðtöl við þá sem eru í forsvari fyrir skipulagða tómstundastarfsemi á svæðinu. Sögðu þeir frá því annarsvegar hvernig staðið er að því að fá ungmenni almennt inn í starfið og hinsvegar hvernig náð er til ungmenna af erlendum uppruna og þau fengin til þátttöku í skipulögðu tómstundastarfi. Mikilvægi tómstunda verður skilgreint og félagsleg vandamál fólks af erlendum uppruna skoðuð. Í lokin verður svo velt upp hugsanlegum hindrunum og loks úrbótum sem höfundur telur að grípa mætti til.

## Efnisyfirlit

Ágrip.....	1
Efnisyfirlit .....	2
Töfluyfirlit/Myndayfirlit .....	4
Inngangur .....	5
1 Saga innflytjenda á Íslandi .....	7
2 Félagslegur þroski .....	10
3 Félagsleg vandamál .....	11
3.1 Menningarsjokk.....	11
3.2 Félagsleg einangrun.....	11
3.3 Klíkur .....	12
4 Tómsundur .....	13
4.1 Fjölskyldan .....	13
4.3 Mikilvægi tómsunda.....	14
4.4 Starfsfólk í tómsundastarfi .....	15
5 Fordómar, mismunur og kynþáttahyggja.....	15
6 Hindranir sem gætu verið í vegi.....	16
7 Hvað er gert varðandi tómsundur ungmenna af erlendum uppruna?? .....	18
7.1 Norðanverðir Vestfirðir.....	18
7.1.1 Félagsmiðstöðvar Ísafjarðarbæjar .....	19
7.1.2 Dægradvöl .....	19
7.1.3 Bolungarvíkurkaupstaður .....	20
7.1.4 Félagsmiðstöðin í Súðavík .....	20
7.1.5 Héraðssamband Vestfjarða.....	20
7.1.6 Íþróttafélagið Stefnir .....	21
7.1.7 Íþróttafélagið Höfrungur .....	21
7.1.8 KFÍ .....	21
7.1.9 BÍ88.....	22
7.1.10 Skíðafélag Ísfirðinga .....	22
7.1.11 Ungmennafélagið Geisli.....	23
7.1.12 Sundfélagið Vestri.....	23

7.1.13 Leikfélagið Hallvarður súgandi.....	23
7.1.14 Litli Leikklúbburinn .....	24
7.1.15 Björgunarsveitin Tindar .....	24
7.1.16 Einherjar – Valkyrjan .....	24
8 Viðtöl.....	25
8.1 Viðtal við 18 ára dreng frá Evrópulandi.....	26
8.1.1 Koman til landsins.....	26
8.1.2 Skólinn .....	26
8.1.3 Tómstundastarf.....	27
8.1.4 Erfiðleikar.....	27
8.1.5 Viðhorf til búsetu .....	27
8.2 Viðtal við 17 ára dreng frá Asíulandi.....	28
8.2.1 Koman til landsins.....	28
8.2.2 Skólinn .....	28
8.2.3 Tómstundastarf.....	28
8.2.4 Erfiðleikar.....	29
8.2.5 Viðhorf til búsetu .....	29
8.3 Viðtal við 18 ára stúlku frá Evrópulandi.....	29
8.3.1 Koman til landsins.....	29
8.3.2 Skólinn .....	30
8.3.3 Tómstundastarf.....	30
8.3.4 Erfiðleikar.....	31
8.3.5 Viðhorf til búsetu .....	31
8.4 Viðtal við móður 18 ára stúlku frá Evrópulandi .....	31
8.4.1 Skólinn .....	31
8.4.2 Tómstundastarf.....	32
8.4.3 Erfiðleikar.....	32
8.4.4 Fyrirstaða þátttöku í tómstundastarfi.....	32
8.4.5 Búseta.....	32
8.5 Viðtal við fósturföður 15 ára drengs frá Evrópulandi.....	33
8.5.1 Skólinn .....	33

8.5.2 Tímstundir .....	33
8.5.3 Erfiðleikar.....	34
8.5.4 Fyrirstaða þátttöku í tímstundastarfi.....	34
8.5.5 Búseta.....	34
9 Hindranir .....	35
10 Samantekt.....	35
10.1 Tímstundastarf á Norðanverðum Vestfjörðum.....	35
10.2 Viðtöl við ungmenni og foreldra af erlendum uppruna.....	36
11 Umræður.....	36
11.1 Úrbætur.....	38
11.2 Sveitarfélögin .....	38
11.3 Lokaorð .....	40
Heimildir .....	41
Viðaukar.....	47

### **Töfluyfirlit/Myndayfirlit**

Mynd 1: Fjöldi fólks af erlendum uppruna á Íslandi.....	7
Tafla 1: Hlutfall fólks af erlendum uppruna miðað við höfðatölu.....	8
Tafla 2: Hlutfall fólks á aldrinum 6-17 ára af erlendum uppruna m.v. höfðatölu	9

## Inngangur

Í ritgerð þessari verður notast við hugtakið að vera *af erlendum uppruna*. Þar er átt við að viðkomandi komi frá eða eigi annað eða bæði foreldri frá öðru landi. Mörg orð eru til um þann hóp sem fjallað er hér um. Eitt af þeim orðum er *útlendingur* en höfundur telur að orðið eigi við um þá sem ekki hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt. Eins hefur orðið *nýbúi* verið notað sem höfundur telur vera mjög gott orð, hinsvegar hefur það fengið neikvæða merkingu í seinni tíð og einkum verið notað um ákveðinn hóp þeirra sem hér dvelja sem eiga rætur erlendis og miðast einkum við litarhátt frekar en uppruna. Í Íslenskri orðabók sem gefin er út 2002 segir svo um orðið *Nýbúi* „maður sem hefur flust til nýs lands til að setjast þar að (oftast um langan veg eða frá ólíku menningarsvæði)“ (Íslensk orðabók 2002). Hugtakið sem hér verður notað á líka við um börn þar sem annað eða bæði foreldri hafa flutt hingað til lands og hafa því verið alin upp við erlenda siði, venjur og tungumál þó fædd séu hér á landi.

Hér verður fjallað um hvernig tekið er á móti ungmennum af erlendum uppruna í skipulagðri tómstundastarfsemi, hvort heldur sem er á vegum sveitarfélaganna eða annarra sem standa fyrir slíkri starfsemi. Komið verður með tillögur að úrbótum ef þess verður talin þörf. Sérstaklega verður skoðað hvernig unnið er með þessa einstaklinga sem búsettir eru í litlum samfélögum en á slíkum stöðum er oft á tíðum stærsti hluti hópsins miðað við höfðatölu.

Rannsóknarspurningin er svohljóðandi: **Hvernig er tekið á móti ungmennum af erlendum uppruna í skipulögðu tómstundastarfi, eru hindranir í vegi, hverjar eru þær og hvað mætti gera til þess að bæta aðgang þeirra?**

Ekki verður fjallað um flóttamenn í þessu sambandi því flóttamenn fá sérstaka þjónustu við komu sína til landsins.

Ekki hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á tómstundastarfi ungmenna af erlendum uppruna þó margar rannsóknir hafi verið gerðar á tómstundum ungmenna yfirleitt. Eins hafa verið gerðar rannsóknir á skólastarfi ungmenna af erlendum uppruna en tómstundir eru ekki síður mikilvægur þáttur í lífi barna og því er mikil þörf á að kanna hvernig þessum tíma er varið hjá þessum hópi, sérstaklega með tilliti til þess að börn og unglingar eru á viðkvæmu þroskastigi þar sem þau eru að mynda persónuleika sinn og manngerð fyrir framtíðina.

Efni í verkefnið var aflað með viðtölum við ungmenni af erlendum uppruna þar sem grennslast var fyrir um upplifun þeirra varðandi skipulagt tómstundastarf auk annarra þátta. Einnig voru tekin viðtöl við foreldra eða fósturforeldra þar sem þau sögðu frá sínum upplifunum hvað varðar móttöku barnanna og tómstundir þeirra. Ásamt því voru tekin viðtöl við nokkra aðila sem standa fyrir skipulögðu tómstundastarfi. Almennt tómstundastarf á Norðanverðum Vestfjörðum verður skoðað með fyrrgreind atriði í huga.


Ástæða þess að þetta efni var tekið fyrir er það stóra hlutfall af ungmennum af erlendum uppruna á Vestfjörðum þar sem höfundur er búsettur, áhugi hans á málefnum þessa hóps og áhyggjur af því að málinu sé ekki fyllilega sinnt á þessum slóðum.

Orðið ungmenni verður notað sem samheiti yfir bæði börn og unglínga eða aldurinn 0 - 17 ára. Þegar fjallað er um annan hvorn hópinn er hans getið sérstaklega. Þegar minnst er á börn í verkefni þessu er átt við aldurinn 6 – 12 ára og um unglínga er átt við 13 – 17 ára.

# 1 Saga innflytjenda á Íslandi

Ekki er hægt að sjá nákvæmlega hvernig þróunin hefur verið á fjölda útlendinga hér á landi. Tölulegar upplýsingar liggja ekki fyrir nema eftir 1950 hjá Hagstofu Íslands en skráning er mjög gloppótt allt til ársins 1987. Vegna öflugrar sagnaritunar þjóðarinnar er að vísu hægt að lesa sér til um hvernig íbúáþróun var hér á landi og kemur þá meðal annars í ljós að fyrstu innflytjendur hér á landi hafi verið Norðmenn og þá að Paparnir hafi verið fyrstu landnámsmenn Íslands. Ekki eru þó til öruggar heimildir fyrir veru þessara írsku munka hér á landi, hinsvegar eru mörg örnefni sem minna á þá og má þar helst nefna Papey (Axel Kristinsson 2001). Það er almenn þekking að hingað til lands hafa lengi komið hópar að leita sér að vinnu til skemmri tíma og hluti þeirra sest að til frambúðar. Þar af má nefna bæði Breta og Nýsjálendinga.

Mynd 1: Fjöldi fólks af erlendum uppruna á Íslandi (Hagstofa Íslands 2006 a)



Fjölgun fólks af erlendum uppruna hefur verið nokkuð jöfn framan af eins og sjá má á mynd 1. Árið 1997 tók fjölgunin stökk upp á við og eins tók hún álíka stökk árið 2004. Bráðabirgðatölur frá 2006 segja að hér á landi búi 18.411 manns af erlendum uppruna (Hagstofa Íslands 2006 a) og hefur fjölgunin milli árána 2005 og 2006 verið 4.633 en slík fjölgun hefur ekki fyrr átt sér stað í sögu þjóðarinnar. Einnig má sjá í bráðabirgðatölum frá 2006 að fjöldi barna er 1.871, þó það virðist við fyrstu sýn ekki vera mikill fjöldi þá er þetta þó um 2% barna á Íslandi.

Tafla 1 Hlutfall fólks af erlendum uppruna miðað við höfðatölu (Hagstofa Íslands 2006 b)

<b>Hlutfall fólks af erlendum uppruna miðað við höfðatölu</b>	
<b>Landshluti</b>	<b>Hlutfall</b>
Höfuðborgarsvæðið	5%
Reykjanes	7%
Vesturland	5%
Vestfirðir	7%
Norðurland Vestra	3%
Norðurland Eystra	3%
Austurland	26%
Suðurland	5%

Eins og sjá má í töflu 1 er hæst hlutfall fólks af erlendum uppruna á Austurlandi eða 26%. Skýringin á því er tímabundið erlent vinnuafl sem starfar við framkvæmdir Kárahnúkavirkjunar og tengda starfsemi á því svæði. Óhætt er að fullyrða að það fólk sem vinnur á þessu svæði í lengist ekki á svæðinu eftir að verkefninu verður lokið (Helga Guðmundsdóttir 2007). Þessi fjöldi á Austurlandi skeykir því örlítið myndina. Á eftir Austurlandi koma Reykjanes og Vestfirðir með 7%.



Tafla 2 Hlutfall fólks á aldrinum 6-17 ára af erlendum uppruna (Brynjólfur Sigurjónsson 2006) miðað við höfðatölu (Hagstofa Íslands 2006 b)

<b>Hlutfall fólks á aldrinum 6-17 ára af erlendum uppruna miðað við höfðatölu</b>	
<b>Landshluti</b>	<b>Hlutfall</b>
Höfuðborgarsvæðið	2%
Reykjanes	2%
Vesturland	2%
Vestfirðir	3%
Norðurland Vestra	2%
Norðurland Eystra	1%
Austurland	4%
Suðurland	2%

Aldurshópurinn sem tekinn er fyrir í þessu verkefni, 6 – 17 ára börn, eru flest á Austurlandi miðað við heildarfjölda eða 4%, fast á eftir koma Vestfirðir með 3% en aðrir landshlutar eru með lægra hlutfall eins og sjá má í töflu 2. Þetta háa hlutfall á Austurlandi skýrist ekki af tímabundinni veru verkafólks á svæðinu því að í Kárahnjúkaskóla hafa mest verið tólf nemendur (Helga Guðmundsdóttir 2007) og hefur sá fjöldi ekki áhrif á hlutfallið.

Það skal hafa hugfast að þessar tölur eiga aðeins við um þá sem hafa erlent ríkisfang og nær ekki til þeirra sem hafa tvöfalt ríkisfang því hjá þjóðskrá er aðeins hægt að skrá eitt ríkisfang (Erla Hallsdóttir 2007). Má því ætla að umfang þessa hóps sé meira en tölurnar segja til um.

## 2 Félagslegur þroski

Til þess að skilgreina mikilvægi tómsunda verða hér skoðaðar þær félagslegu breytingar sem verða hjá ungmennum á aldrinum sex til sautján ára. Mikilvægi tómsunda verður síðan skýrt í kafla 4.3.

Margt gerist í lífi fólks frá sex ára aldri þar til að það verður átján ára og þarf að gæta sérstaklega að því að tómsundir, nám og önnur vinna með þeim henti þeirra aldri. Hér verður farið yfir félagslegan þroska ungmenna.

Á aldrinum sex til tólf ára verða ýmsar veigamiklar breytingar í lífi barna. Þau eru hluti af stærra samfélagi en áður, hlutverk þeirra breytist og væntingar til þeirra um leið. Þær breytingar sem verða á þroska barna og félagslífi þeirra á æskuárunum krefjast þess að barnið endurmeti bæði persónulegt og félagslegt öryggiskerfi sitt þar sem foreldrar og fjölskyldan spila stórt hlutverk, auk vina og jafnaldra. Foreldrarnir sem voru áður ríkjandi viðmiðun í mótun sjálfsmýndarinnar fá nú keppinaut sem eru hin börnin. Sjálfstraust og öryggi byggist á viðurkenningu vina og stuðningi félagslífsins (Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1993:50 – 65).

Smám saman fer einstaklingurinn að mótast og þróast í áttina að unglingsárunum og sem unglingar fara þau að leita að sjálfum sér og skilgreina sig í gegnum tónlist, klæðaburð og hegðun í stöðugri leit að sjálfum sér. Unglingurinn stokkar upp heimsmynd sína, samskiptakerfi og sjálfsmýnd. Hann er í rauninni í millibils ástandi og stendur andspænis því að stíga skrefið og verða fullorðinn, hegða sér og hugsa eins og fullorðinn. Unglingar reyna oft að taka ábyrgð og flýta sér að verða fullorðnir með því að taka upp nærtæk einkenni fullorðinna eins og að reykja, drekka áfengi, stunda kynlíf og svo framvegis (Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1993:50 – 65).

Á aldrinum tíu til tólf ára eru börn eins og ómótaður leir og þau soga í sig eins og svampur þær upplýsingar sem umhverfið býður þeim uppá. Á þessum aldri er verið að leggja grunninn að því sem koma skal og einstaklingurinn er að sækja sér fyrirmyndir í umhverfið og samtímann. Áður en að þessu aldurskeiði kemur lifa þau aðeins fyrir einn dag í einu. Á þessum aldri þarf mjög lítið til þess að styrkja einstaklingana og eins þarf lítið til þess að brjóta þau niður (Dagbjört Ásbjörnsdóttir 2006). Þetta á að mati höfundar líka við um siðferðiskennd þeirra, hegðun, lífsskoðanir og hvernig þau upplifa viðmið og gildi samfélagsins.

### **3 Félagsleg vandamál**

Þegar fólk flytur á milli staða og kemur í nýtt umhverfi geta komið upp margvísleg félagsleg vandamál sem er eðlilegt að gerist þegar einstaklingur kemur inn í ókunnugt umhverfi. Menningin, fólkið, maturinn, veðrið og margt annað er allt öðruvísi en fólk hefur áður vanist. Hér á eftir verður farið lauslega í þessi vandamál og þeim gerð lítilega skil og síðar verður því svo velt upp hvort þáttaka barna af erlendum uppruna í tómstundastarfi geti haft áhrif á þessa þætti.

#### ***3.1 Menningarsjokk***

Menningarsjokk kemur til vegna álagsins sem fólk verður fyrir þegar það flytur á nýjan stað og skiptir um umhverfi. Þetta er eðlilegt þegar fólk tekst á við að kynnst nýjum matarhefðum, tungumáli, fólki, og aðstæðum. Þetta er þó tímabundið ástand og enginn festist í því til langs tíma. Einkenni menningarsjokks eru margvísleg, þar má nefna þirring, þreytu, einmanaleika, vonleysi, tortryggni, það að forðast samskipti við aðra, reiði, kvíða, höfnunartilfinningu og fleira (Alþjóðahús 2007).

#### ***3.2 Félagsleg einangrun***

Félagsleg einangrun og einmanaleiki er alls ekki það sama. Allir verða einmana einhvern tímann en félagsleg einangrun er líkt og að vera einmana og vera jafnframt verulega dapur yfir því. Þeir sem eru í þessu ástandi eru oft á tíðum fastir í því og eiga erfitt með að brjótast út (Australian government 2004). Rannsóknir hafa sýnt fram á að einmanaleiki og félagsleg einangrun getur haft alvarleg áhrif á bæði andlega og líkamlega heilsu. Þeir sem þjást af þessum leiða kvilla eru yfirleitt mun berskjaldaðri fyrir sjúkdómum heldur en annað fólk (Medical and Health News Headlines 2006).

### **3.3 Klíkur**

Mikið hefur verið fjallað um klíkur erlendra ungmenna í fjölmiðlum. Klíkurnar eru oftast kenndar við uppruna þeirra sem í þeim eru í stað þess að kenna klíkurnar við ákveðna bæjar, eða borgarhluta. Þá telur höfundur að þeir sem verða mest fyrir barðinu á slíkum fordómum séu þeir sem eru af asískum uppruna og líta því öðruvísi út en fjöldinn.

Á unglingsárunum sækjast einstaklingar frekar eftir samskiptum við jafnaldra sína heldur en fjölskyldu og er vinátta unglunga oftast nær nánari en hjá yngri börnum. Kenningar eru uppi um tvennskonar fylkingar, annarsvegar fámennar klíkur og síðan fjölmenna hópa. Vináttan í klíkunum byggist á því að meðlimir skilja hvern annan vel og eyða miklum tíma saman. Einstaklingarnir læra félagsleg samskipti hver af öðrum. Samband þeirra er mun nánara við þá sem eru innan klíkunnar en við þá sem utan hennar standa. Klíkurnar ákveða svo í sameiningu hvað sé við hæfi og hvað ekki. Dæmi um slíkar klíkur eru hópar samsettar af útlendingum, íþróttafólki og eiturlyfjaneytendum svo eitthvað mætti nefna (Kristín Björnsdóttir 2003).

Félagsleg einangrun ungmenna af erlendum uppruna er algeng og oft á tíðum nokkuð dulið vandamál. Hópamyndanir meðal ungmenna af erlendum uppruna er hinsvegar ekki eins dulið vandamál sem getur valdið mikilli spennu og oft koma upp átök á milli slíkra hópa (Forsætisráðuneytið 2005).

Rannsóknir á klíkum Mexíkóa í Bandaríkjunum hafa sýnt fram á að flestir innflytjendur sem halda til Bandaríkjanna í atvinnuleit fá yfirleitt láglæna vinnu og búa þá í hverfum þar sem íbúðaverð eða leiga er lág. Börn þeirra halda mikið til á götum úti og fljótlega myndast klíkur. Klíkurnar verða til vegna menningarsjokks og árekstra þeirra við Bandarískt þjóðfélag (Vigil 1997).

## 4 Tómsundur

Gríski heimspekingurinn Plató sagði „Í klukkutíma leik kynnist maður öðrum betur heldur en að eiga við hann samræður í heila öld“ (Helgi Grímsson 2001:68). Það eitt segir okkur ansi mikið um mikilvægi tómsunda og í raun allt sem maður þarf að vita. Aftur á móti verður hér sagt frá því hversvegna tómsundur eru svona mikilvægar út frá fræðilegum grunni.

### 4.1 Fjölskyldan

Miklar breytingar hafa orðið á fjölskylduhögum á nokkrum kynslóðum. Hér áður þótti ekki merkilegt að í einni fjölskyldu væru tíu börn og jafnvel fleiri. Stórfjölskyldan bjó oft saman í húsi og jafnvel margar fjölskyldur saman.

Jafnt og þétt urðu breytingar á fjölskylduhögum og á fimmta áratug síðustu aldar voru flestar fjölskyldur orðnar það sem kallað er *kjarna-fjölskylda* sem var byggð upp á tveimur foreldrum, og tveimur til þrem börnum. Móðirin vann heima og faðirinn vann fyrir heimilinu (Elkind 1996).

Margir þættir breyttu fjölskyldunni og má þar nefna síðari heimsstyrjöldina, kjarnorkusprengjuna og þá ógn sem henni fylgdi, helförina, kvenréttindabaráttuna, kynlífsbyltinguna og svo mætti lengi telja (Elkind 1996).

Nú höfum við *nútíma-fjölskyldu*: Báðir foreldrar vinna úti, einstæðir foreldrar, „ættleiði“ fjölskyldur, endurgiftar fjölskyldur, samkynhneigðar fjölskyldur og svo framvegis (Elkind 1996). Foreldrar hafa firrt sig ábyrgð á börnum sínum og varpað henni yfir á skólana. Aldrei hafa verið til fleiri bækur en á sama tíma horfa börn mun meira á sjónvarp en nokkur tíma áður og bókasöfnin standa auð (Hargreaves 1995).

Þessar staðreyndir um breytingar á fjölskyldumynstri og samfélaginu segja okkur hversu mikilvægt það er fyrir ungmennin að stunda skipulagt tómsundastarf þar sem enginn fullorðinn er á heimilinu til að hafa umsjón og eftirlit með börnunum. Að sjálfsögðu er skipulagt tómsundastarf mikilvægt öllum ungmönnum, hver sem fjölskyldu- eða félagsleg staða þeirra er og verður nánar farið í það í næsta kafla.

### **4.3 Mikilvægi tómstunda**

Meðal íslenskt ungmenni eyðir um 40% tíma síns í frístundatíma, 35% í svefn, 17% í skóla en aðeins 7% með fjölskyldunni (Óskar Dýrmundur Ólafsson 2004). Með þessar tölulegu staðreyndir í farteskinu áttum við okkur á hversu mikilvægt er að frítíminn sé skipulagður og það af fagmönnum sem vita hverjar þarfir og væntingar ungmennanna eru.

Tómstundir eru mjög mikilvægar fyrir persónumótun unglinga. Tómstundirnar sem þeir stunda stjórnað yfirleitt af áhugasviði þeirra. Rannsóknir á tómstundastarfi, bæði innlendar og erlendar hafa sýnt fram á að ungmenni sem stunda tómstundastarf sem er skipulagt og með umsjón fullorðinna aðila, eiga í minni hættu á að leiðast út í óæskilega hegðun og vímuefnaneyslu. Aftur á móti ef starfið er ekki skipulagt eða með umsjón fullorðinna hefur það þveröfug áhrif (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir 2004).

Ungmenni lifa í heimi breytinga og oft koma upp ýmisskonar vandamál. Þau vilja geta leitað sér lausna þessara vandamála. Í því ferli hefur starfsfólk skipulags tómstundastarfs lykil stöðu því þau eru yfirleitt mjög nán unglíngunum og traust myndast milli þeirra. Þeir sem sinna þessum störfum eru einnig í góðu færi til þess að ná til ungmenna sem standa höllum fæti. Rannsóknir hafa sýnt að hátt hlutfall ungmenna leitar til þeirra sem starfa við skipulagt tómstundastarf með vandamál sín (Hera Hallbera Björnsdóttir og fleiri 2003).

Það má líta á tómstundastarf sem annarskonar nám en fram fer í skólanum því ekki lærur við einungis á bókalestri og fyrirfram ákveðnum verkefnum. Ungmenni hafa mikinn möguleika á því að efla hæfileika sína með þátttöku í tómstundastarfi sem þau hafa áhuga á. Að vera góð í áhugamáli sínu skiptir gríðarlegu máli félagslega fyrir einstaklinginn (Ragnhildur Bjarnadóttir 2002).

Þó svo að margir stundi skipulagt félagstarf þá er alltaf stór hluti sem gerir það ekki, í könnun sem var gerð árið 1997 þar sem nemendur á aldrinum tíu til fimmtán ára voru spurðir hvort þeir tækju þátt í einhverskonar tómstundastarfi kom í ljós að 40% þeirra gerðu það ekki. Hlutfall þeirra sem ekki stunda tómstundastarf hækkar töluvert með aldrinum og er því líklegra að hlutfall þeirra sem ekki stunda tómstundastarf sé hærra en þeirra sem yngri eru (Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson

og Inga Dóra Sigfúsdóttir 2000: 144). Tómsundur og félagsstarf er besta leiðin til þess að brjóta út úr félagslegri einangrun og er einnig besta forvörnin gegn slíku (Austalian government 2004).

#### ***4.4 Starfsfólk í tómstundastarfi***

Þeir sem starfa á vettvangi frítímans geta með atferli sínu haft mikil áhrif á félagslegan þroska barna af erlendum uppruna og aðlögun þeirra að nýju samfélagi. Þeir þurfa að gæta að öllum samskiptum en samskipti eiga sér ekki aðeins stað í töluðu máli heldur einnig í látbragði og gjörðum. Börn sem ekki hafa færni í tungumálinu horfa mikið í líkamstjáningu (Millam 2002:188-200).

Ekki er síður mikilvægt að hafa virka hlustun og einbeita sér að því að hlusta á það sem börn af erlendum uppruna hafa að segja því ef ekki er notuð virk hlustun hvetur það börnin ekki til að læra tungumálið (Millam 2002:188-200). Með virkri hlustun sýnir maður viðmælanda sínum að maður sé að hlusta, án þess að dæma hann; kinkar kolli, jánkar, horfir í augu viðkomandi og endursegir það sem fram fór í samtalinu.

### **5 Fordómar, mismunur og kynþáttahyggja**

Öll erum við haldin fordómum. Mörg okkar átta sig ekki á þeim meðan aðrir eru mjög meðvitaðir um sína fordóma. Fordómar eru auðvitað misjafnlega alvarlegir og er til dæmis hægt að segja að fordómar gagnvart tónlist og annarskonar list séu ekki af alvarlegum toga á meðan fordómar gegn öðru fólki eru mjög alvarlegir. Oftast eru það minnihlutahópar sem verða fyrir fordómum; samkynhneigðir, fatlaðir, útlendingar, feitir, fólk með ákveðinn húðlit, fólk sem klæðist ákveðum fatnaði og hefur ákveðið útlit eins og pönkarar eða gotharar og svo mætti lengi telja.

Fordómar eru eins og liggur í orðunum að dæma aðra fyrirfram. Með fordómum eru alhæfingar settar fram um einhvern, ýmist jákvæðar eða neikvæðar um hugarfar eða hegðun viðkomandi. Allir fordómar eiga það sameiginlegt að þeir festa þá í sessi sem fyrir fordómum verða sem minnihlutahóp. Fordómar þekkjast víða um heim, ekki bara á Íslandi, en afleiðingar fordómanna eru langt frá því að vera eins allsstaðar (Rauðikross Íslands 2007).

Kynþáttafordómar birtast oftast hér á landi sem fjadsemi í garð ókunnugra og mismunun í gerðum eða framkomu. Oft er íbúum landsins skipt í tvo hópa, Íslendinga og nýbúa. Fjölmíðlar ýta oft undir fordóma með alhæfingum um nýbúabörn, asískar konur og svo mætti lengi telja. Auðvelt er að halda uppi fordómum gegn áðurnefndu fólki því að fæstir þekkja einstaklinga úr viðkomandi hópum (Rauðikross Íslands 2007).

Kynþáttahyggja gengur út á það að skipta fólki í hópa eftir útliti þeirra. Þeir sem aðhyllast kynþáttahyggju telja að útliti fylgi ákveðin hegðun og/eða skapgerðareinkenni. Oft á tíðum er fólki raðað upp eftir þessum ranghugmyndum og þá er hvíti maðurinn settur efst í röðina. Með það í huga er menning frá Afríku eða Asíu talin frumstæðari en önnur menning. Þær ranghugmyndir að menning sé allaf eins er eitt einkenni þeirra sem aðhyllast þessari hyggju. Eins og við vitum þá verður íslensk menning stöðugt fyrir áhrifum frá erlendum stefnum og straumum sem og aðrir menningarheimar (Rauðikross Íslands 2007). Við könnumst eflaust öll við að hafa farið á matsölustað og borðað mat sem ekki telst beint vera íslenskur.

Fordómar birtast okkur í orðum en mismunun á sér stað í verkum fólks. Þetta sést til dæmis í því að þeir sem hafa annan húðlit, aðra trú eða annan uppruna en fjöldinn fá annarskonar og þá verri meðferð. Dæmi um mismunun er þegar ungu fólki úr minnihlutahópum er meinaður aðgangur að skemmtistöðum, svo eitthvað sé nefnt (Rauðikross Íslands 2007).

## **6 Hindranir sem gætu verið í vegi**

Ýmsar hindranir geta staðið í vegi barna af erlendum uppruna til að stunda skipulagt tómsundastarf. Meðal þess sem nefna má er að börnin eru oft á tíðum mjög upptekin þegar skóla lýkur á daginn við heimanám. Námið getur tekið nokkuð langan tíma vegna tungumála örðuleika, börnin geta einnig verið með erlendar námsbækur til viðbótar við hefðbundið heimanám. Börnin hafa einnig oft á tíðum verkefni á heimilinu og þurfa til dæmis að gæta yngri systkina inni á heimilinu því algengt er að fólk af erlendum uppruna vinni langan vinnudag. Hugsanlegt er líka að skortur á upplýsingum geti verið hindrun á því að ungmennin stundi tómsundastarfið (Starfshópur um skólagöngu og frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti 2006). Líklegt er að þetta eigi bæði við um



ungmennin sjálf sem og foreldra, því foreldrar geta haft mikið um það að segja hvað ungmennin gera í sínum frítíma.

Góð kunnátta á íslenskri tungu er lykilatriði í því að einstaklingar af erlendum uppruna nái að blandast samfélagi Íslands og á þetta bæði við um börn og fullorðna (Starfshópur um skólagöngu og frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti 2006). Á þetta ekki síst við um tómsundastarfið, því oft á tíðum, eins og áður hefur komið fram, hafa foreldrarnir úrslitavaldið um það hvort börnin sækja starfið eða ekki.

Algengt er að þegar konur flytjast hingað til lands skilji þau börn sín eftir í heimlandi sínu. Börnin flytja síðan á eftir móður sinni þegar einhver tími er liðinn og getur sá tími verið allt upp í nokkur ár. Þurfa þá börnin að takast á við að kynnst móður sinni aftur og hugsanlegum nýjum manni hennar auk nýs systkinis ofan á það að kynnst nýju landi og menningu þess (Unnar Dís Skúladóttir 2007).

Rannsóknir á Norðurlöndunum hafa sýnt að félagsleg einangrun sé nokkuð algeng meðal fólks af erlendum uppruna, þá sérstaklega hjá konum og að þær einangrist á heimili sínu. Lök félagsleg staða móður getur síðan haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd barnanna og getur haft í för með sér togstreitu í samskiptum þeirra á milli. Því er mikilvægt að tryggja félagsleg tengsl fólks af erlendum uppruna við bæði samlanda sína sem og við Íslendinga (Menntamálaráðuneytið 1997).

Kostnaður við tómsundastarf getur verið stór ástæða þess að ungmenni af erlendum uppruna stundi ekki skipulagt tómsundastarf. Þess eru dæmi að börnin sæki í íþrótttaæfingar þar til reikningurinn kemur. Þetta á reyndar líka við um börn af íslenskum uppruna (Einar Skúlason 2007 a).

Eins eru þekkt dæmi þess efnis að fordómar hafi spilað inni og fælt ungmenni af erlendum uppruna frá skipulögðu tómsundastarfi. Þar hefur ungmennum af erlendum uppruna verið hótáð símleiðis og tengdust hótanirnar kynþætti þeirra (Einar Skúlason 2007 b).

## **7 Hvað er gert varðandi tómstundir ungmenna af erlendum uppruna??**

Ýmislegt er gert í málefnum ungmenna af erlendum uppruna hvað varðar tómstundir en virðast þær áætlanir vera að mestu vera bundnar við höfuðborgarsvæðið. Í þessum hluta verður fjallað um sérstök úrræði fyrir ungmenni af erlendum uppruna á Norðanverðum Vestfjörðum og hvernig tekið er á móti eða reynt að fá ungmenni af erlendum uppruna til þess að taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi.

### ***7.1 Norðanverðir Vestfirðir***

Höfundur er búsettur á Vestfjörðum og er því ákvað hann að einbeita sér sérstaklega að því svæði, sér í lagi þar sem hlutfall barna af erlendum uppruna er mjög hátt á svæðinu.

Sex þéttbýliskjarnar eru á Norðanverðum Vestfjörðum; Ísafjörður, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri sem tilheyrja Ísafjarðarbæ og auk þeirra eru Bolungarvík og Súðavík.

Í lok ársins 2004 kom út skýrsla um könnun sem gerð var fyrir Fjölmenningssetur á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi. Þar kemur fram að 54% þátttakenda í könnuninni taka þátt í félagsstarfi með einum eða öðrum hætti. Könnunin náði til fólks á aldrinum 18 til 63 ára þar sem meðalaldur var 36 ár (Heiður Hrund Jónsdóttir, Hildur Svavarsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Friðrik H. Jónsson 2004). Í þessu sjáum við að 46% þeirra sem tóku þátt í könnuninni tekur ekki þátt í tómstundastarfi. Þó svo að könnunin nái ekki til þess aldurs sem fjallað er um hér, þá gefur það ákveðna vísbendingu um þau sóknarfæri sem þeir sem standa fyrir skipulögðu tómstundastarfi hafa meðal fólks af erlendum uppruna. Eins væri gaman að sjá hversu stór hluti Íslendinga á sama aldri taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi.

Hér á eftir má sjá hvað þeir sem standa fyrir skipulögðu tómstundastarfi á Norðanverðum Vestfjörðum segja um starf sitt. Reynt var að ná til sem flestra en listinn er þó engan veginn tæmandi.

### **7.1.1 Félagsmiðstöðvar Ísafjarðarbæjar**

Félagsmiðstöðvar Ísafjarðarbæjar eru ekki með neina áætlun um málefni ungmenna af erlendum uppruna. Hinsvegar fer í gang þverfaglegt stefnumótunarferli á vormánuðum ársins 2007 þar sem meðal annars er stefnt að því að fá inn aðila frá Alþjóðahúsi og Fjölmenningssetri og verður markvisst unnið að því að fá einstaklinga af erlendum uppruna inn í starfið ásamt öðrum. Nýja áætlunin á að taka gildi þegar starfið hefst eftir sumarleyfi 2007. Eins er verið að vinna að öflugum vef fyrir félagsmiðstöðvarnar þar sem upplýsingar verða á tungumálum allra hópa sem lögheimili hafa í Ísafjarðarbæ og eru á þeim aldri sem félagsmiðstöðvarnar þjónusta. Þó verða einungis grunnupplýsingar á öllum málum en ekki fréttir og annað slíkt. Kynningarstarf fyrir félagsmiðstöðvarnar fer fram í skólum og hefur það hingað til einungis farið fram á íslensku. Kynning hefur einnig farið fram á foreldrafundum en þar voru fengnir túlkar til þess að tryggja að allar upplýsingar kæmust fyllilega til skila (Erik Newman 2007).

### **7.1.2 Dægradvöl**

Dægradvöl er skóladagheimili á Ísafirði og er fyrir börn á aldrinum 6 til 9 ára. Starfsemin er ekkert auglýst nema að minnst er á hana í skólablaði Grunnskólans á Ísafirði í upphafi skólaárs og er það blað einungis gefið út á íslensku. Ekki hefur þótt ástæða til þess að markaðssetja eða efla starfið því Dægradvölin hefur verið á hrakhólum og er nú hýst með félagsmiðstöðinni á Ísafirði við óviðunandi aðstæður, þar sem ekki er hægt að koma fyrir nægum fjölda barna. Hvað varðar börn af erlendum uppruna hefur ekki verið sérstaklega unnið með þennan hóp frekar en annan en allir eru þó boðnir velkomnir (Sigrún Viggósdóttir 2007).

### **7.1.3 Bolungarvíkurkaupstaður**

Í Bolungarvík hefur ekki verið unnið að því að bæta aðgengi fólks af erlendum uppruna hingað til. Nú verður hins vegar lagst í miklar breytingar því mikill fjöldi fólks af erlendum uppruna hefur sest að í Bolungarvík. Verið er að vinna markvisst að því að bæta þjónustu við alla þá sem koma nýir til Bolungarvíkur hvort sem þeir eru íslendingar eða af erlendum uppruna og stendur til að gefa út bækling á nokkrum tungumálum sem nýjum Bolvíkingum verður færður (Grímur Atlason 2007).

### **7.1.4 Félagsmiðstöðin í Súðavík**

Í félagsmiðstöðinni í Súðavík er engin áætlun í gangi hvað varðar ungmenni af erlendum uppruna. Þar sem svo fáir búa á Súðavík sem raun ber vitni hefur síðustu sex árin aðeins einn af erlendum uppruna verið á þeim aldri sem félagsmiðstöðvar þjónusta. Í því tilviki fór forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar heim til viðkomandi með túlk með sér og kynnti starfið fyrir ungmenninu og foreldrum þess (Elísabet Margrét Jónasdóttir 2007).

### **7.1.5 Héraðssamband Vestfjarða**

Héraðssamband Vestfjarða hefur ekki neina áætlun varðandi málefni ungmenna af erlendum uppruna en telur þó framkvæmdastjóri fulla þörf á að gera slíka áætlun. Bendir framkvæmdastjórinn á að hugsast geti að einstaka félög innan sambandsins hafi sjálf gert slíkar áætlanir (Torfi Jóhannsson 2007). Höfundur leitaði því til helstu íþróttafélaga á svæðinu og kannaði hvernig staðið væri að málum þar.

### **7.1.6 Íþróttafélagið Stefnir**

Íþróttafélagið Stefnir á Suðureyri hefur starfað af kappi og hefur stöðugt verið að bæta við sig félögum. Þær leiðir sem notaðar hafa verið eru einna helst að hengdar hafa verið upp auglýsingar. Auglýsingarnar eru þá einungis á íslensku. Í starfinu kemur fyrir að sendir séu heim miðar en þeir miðar eru einnig eingöngu á íslensku og ekki sérstaklega hugað að þeim sem eru af erlendum uppruna hvað þetta varðar (Svava Rán Valgeirsdóttir 2007).

Þeir aðilar sem standa fyrir starfinu hafa einnig hvatt ungmenni til þess að mæta og þá bæði þá sem eru af erlendum uppruna sem og aðra. Þykir það mjög auðvelt þar sem nokkuð góð yfirsýn er yfir þá sem lifa í þessu smáa samfélagi (Svava Rán Valgeirsdóttir 2007).

### **7.1.7 Íþróttafélagið Höfrungur**

Íþróttafélagið Höfrungur á Þingeyri starfar markvisst að því að fá ekki bara börn og unglinga, heldur alla íbúa til þess að taka þátt í starfinu því bestur árangur náist með því að sem flestir taki þátt. Með þetta í huga er auglýst með því að setja upp auglýsingar og dreifimiða bæði á íslensku og pólsku. Eins er komið sérstaklega til fólks sem er nýtt á svæðinu og starf félagsins kynnt og ef um erlenda aðila er að ræða er leitað til þeirra sem þegar eru á svæðinu af sama þjóðerni og þeir fengnir til að segja frá starfinu. Það er ekki markviss stefna um að þetta sé gert hjá félaginu en núverandi stjórnendur þess hafa tekið svona á málunum og vinna samkvæmt því (Sigmundur Þórðarson 2007).

### **7.1.8 KFÍ**

Markaðssetning Körfuboltafélags Ísafjarðar hefur verið nokkuð markviss. Komið hefur verið við í skólanum í leikfimitímum og starfið kynnt þar auk þess að nýjum félögum hefur verið boðið að æfa án æfingagjalds fyrstu mánuðina. Ekkert hefur verið unnið að því að fá ungmenni af erlendum uppruna inn í starfið, hinsvegar hefur það komið til tals ásamt öðru. Enginn af erlendum uppruna tekur þátt í starfinu í dag en strákur frá Póllandi hefur byrjað að æfa en síðan hætt. Hugsanleg skýring á þessu eru æfingagjöldin en

vissulega væri hægt að fella þau niður ef þannig bæri undir. Sennilegt er að foreldrnir séu hindrun þarna og þá sérstaklega vegna félagsgjaldanna (Guðni Guðnason 2007).

### **7.1.9 BÍ88**

BÍ88 (Boltafélag Ísafjarðar) stendur fyrir öflugum starfi fyrir ungmenni og hefur starfið verið markaðssett þannig að hengdar hafa verið upp æfingatöflur í Grunnskólanum á Ísafirði. Engin áætlun hefur verið gerð til að reyna að fá ungmenni af erlendum uppruna inn í starfið og ekki heldur til þess að mæta þeim ef þau kæmu inn í starfið. Aðeins eitt dæmi er um það síðustu ár að ungmenni af erlendum uppruna hafi tekið þátt í starfinu. Líkleg ástæða þess að ekki hafi fleiri komið inn í starfið en raun ber vitni er líklega sá kostnaður sem felst í þátttökunni (Svavar Þór Guðmundsson 2007).

### **7.1.10 Skíðafélag Ísfirðinga**

Skíðafélag Ísfirðinga er stöðugt að reyna að fá til sín nýtt fólk og hefur fyrst og fremst verið að horfa til barna almennt en ekki ákveðins hóps barna. Félagið hefur borið miða í hvert hús og auglýst starf sitt. Það hefur einnig boðið börnum að taka þátt í starfinu án endurgjalds. Nokkur ungmenni af erlendum uppruna hafa tekið þátt í starfinu en aðrir hafa horfið frá. Líkleg skýring á að ekki fleiri taki þátt er líklega tvíþætt; annarsvegar menningarleg og hinsvegar fjárhagsleg. Það hefur töluvert verið hugsað til ungmenna af erlendum uppruna í starfinu en af ýmsum ástæðum hefur það strandað í ferlinu þótt viljinn hafi verið fyrir hendi. Það eru meðal annars hugmyndir á lofti um að senda orðsendingar á öðrum tungumálum en íslensku. Það sem mætti gera til að bæta aðgang að starfinu er að sveitarfélagið greiði niður tómstundastarf af þessu tagi að einhverju eða öllu leyti (Margrét Halldórsdóttir 2007)

### **7.1.11 Ungmennafélagið Geisli**

Ungmennafélagið Geisli í Súðavík býður einungis uppá fótbolta í sínu starfi. Ekkert er gert til þess að kynna starfið í Súðavík heldur auglýsa æfingarnar sig sjálfar þannig að ef það er gaman þá koma fleiri. Einn aðili tekur þátt í starfinu sem er af erlendum uppruna en hann og foreldrar hans skilja þokkalega íslensku svo að engin vandamál hafa komið upp. Ef einhver annar af erlendum uppruna kæmi inn í starfið yrði brugðist við því á viðeigandi hátt (Halldór Jónbjörnsson 2007).

### **7.1.12 Sundfélagið Vestri**

Sundfélagið Vestri hefur svolitla sérstöðu fram yfir önnur félög því þar þarf oft að vísa fólki frá vegna aðstöðuleysis. Valið fer þannig fram að þeir sem hafa áður starfað með félaginu fá forgang og svo gildir reglan fyrstur kemur, fyrstur fær. Einn aðili af erlendum uppruna hefur tekið þátt í starfinu en hann hefur ekki fengið neina sérstaka meðferð (Guðbjörg Drengsdóttir 2007).

### **7.1.13 Leikfélagið Hallvarður súgandi**

Leikfélagið Hallvarður súgandi á Suðureyri hefur það að stefnu sinni að starfið sé opið öllum sem áhuga hafa á að starfa með því. Eina skilyrðið sem sett er á leikara er að þeir geti talað íslensku en þó eru ýmis hlutverk sem þarfnast lítils eða einskis textaflutnings og þar skiptir tungumálið litlu eða engu máli. Engin fyrirstaða er fyrir fólk af erlendum uppruna að taka þátt í annarri vinnu innan félagsins, og færni í tungumálin skiptir engu máli þar. Ekki hefur sérstaklega verið unnið í því að fá þá sem eru af erlendum uppruna inn í starfið og hefur aðeins verið auglýst eftir fólki á íslensku. Það er fullur grundvöllur fyrir því að auglýsa eftir fólki á fleiri tungumálum framvegis enda fellur það sannarlega undir markmið félagsins að allir fái að taka þátt. Þátttaka í starfi félagsins er og hefur ávallt verið án endurgjalds (Erna Guðmundsdóttir 2007).

#### **7.1.14 Litli Leikklúbburinn**

Litli leikklúbburinn á Ísafirði hefur ekki unnið að því fá fólk af erlendum uppruna inn í starfið hjá sér. Íslenska er lykilatriði fyrir því að hægt sé að starfa með félaginu. Þeir sem koma erlendis frá og kunna íslensku eru að sjálfsögðu velkomnir. Ekki þykir sérstök ástæða til þess að vera með auglýsingar eða tilkynningar á öðrum tungumálum en íslensku (Friðrik Stefánsson 2007)

#### **7.1.15 Björgunarsveitin Tindar**

Björgunarveitin Tindar í Hnífsdal er með öflugt unglíngastarf. Ekkert hefur verið unnið að því að markaðssetja starfið því það auglýsir sig í raun sjálft. Nánast allir unglíngar frá fjórtán ára aldri taka þátt í starfinu (Helgi Hjartarson 2007).

#### **7.1.16 Einherjar – Valkyrjan.**

Einherjar – Valkyrjan er skátafélagið á Ísafirði og er það eina starfandi skátafélagið á Norðanverðum Vestfjörðum. Á hverju hausti fara skátar klæddir búningum inn í skólana og kynna starfið. Ekki er reynt að neinu marki að fá börn af erlendum uppruna inn í starfið frekar en aðra en allar kynningar fara fram á íslensku. Allar tilkynningar sem sendar eru heim eru á íslensku því allir þeir sem taka þátt í starfinu tala íslensku (Ingibjörg Snorradóttir 2007).



## 8 Viðtöl

Hér á eftir verða birtar niðurstöður úr viðtölum höfundar við ungmenni af erlendum uppruna og við foreldri og fósturforeldri ungmenna af erlendum uppruna. Viðtölin eru opin þar sem viðmælendur segja með sínum orðum frá reynslu sinni. Skráðir voru minnisþingtar á staðnum. Ekki var stuðst við neina spurningalista, heldur spurði höfundar nokkurra fyrirfram ákveðinna spurninga og síðan var farið dýpra í svörin við þeim spurningum. Stuðst var við svokallaða eigindlega aðferð.

Eigindlegar aðferðir ganga út frá því að hver og einn á sinn eigin veruleika, að hann sé byggður í skynjun hvers og eins. Hér er einblínt á skilning og merkingin er byggð á munnlegri frásögn og athugun frekar en tölum. Eigindlegar rannsóknir eru framkvæmdar í náttúrulegu umhverfi. Í eigindlegum rannsóknum er ólíkur tilgangur tengdur við sérstakar spurningar, aðferðir við söfnun gagna og greiningu (McMillan 2004:9-12). Hvert viðtal tók 40 – 90 mínútur og fóru þau fram á heimilum tveggja viðmælendanna og það þriðja á opinberum stað. Skráðar voru vettvangsnótur og nánari skráning fór síðan fram strax eftir viðtalið og loks var viðtalið kóðað. Til stóð að taka viðtölin upp á segulband en þar sem einn viðmælendanna vildi ekki láta taka sitt viðtal upp var ákveðið að styðjast einungis við vettvangsnótturnar.

Frekar illa gekk að finna unga viðmælendur af erlendum uppruna sem voru tilbúnir að ræða sín mál og urðu viðtölin því aðeins þrjú talsins. Til þess að fá meiri vídd í verkefnið voru einnig tekin viðtöl við tvo foreldra.

## ***8.1 Viðtal við 18 ára dreng frá Evrópulandi***

Drengurinn er í lausavinnu og tekur að sér einstaka verkefni fyrir hina og þessa, stundum heima og stundum annarsstaðar. Hann býr hjá móður sinni og fósturföður. Hann fór ekki í framhaldsskóla og hefur ekki hug á að fara í skóla að svo stöddu.

### **8.1.1 Koman til landsins**

Drengurinn kom til landsins og flutti í íslenskan bæ þegar hann var níu ára. Hann vissi sáralítið um Ísland og var svosem ekki mikið að spá í það sem við tæki. Móðir hans hafði flutt sex árum áður til Íslands og hann sá hana ekkert nema þegar hún kom *heim* í sumarfrí en á meðan var hann hjá föður sínum og foreldrum hans. Þegar hann kom til Íslands var móðir hans farin að búa með íslenskum manni. Það tók aðeins nokkra daga fyrir hann að venjast þessum nýju aðstæðum.

### **8.1.2 Skólinn**

Þegar hann kom í skólann hjálpaði það honum töluvert að hann kunni þó nokkuð í ensku, en hann hafði lært ensku í grunnskóla áður en hann kom til Íslands. Enskukennslan var ekki hluti af hinu hefðbundna námi heldur þurfti að borga þó nokkuð fé á mánuði fyrir kennsluna.

Í skólanum var honum tekið nokkuð vel og hann lærði íslensku mjög fljótt og vel. Hann átti tvo vini sem komu frá sama landi og hann og umgengst hann þá töluvert. Vinir hans urðu fyrir nokkru aðkasti vegna uppruna síns og var mikið strítt en drengurinn sem við fjöllum um slapp alveg við þetta á þessum tíma.

### **8.1.3 Tómsundastarf**

Félagsmiðstöðin var kynnt sérstaklega í skólanum í lífsleiknitímum og allir hvattir til að mæta og var hann nokkuð duglegur við það. Hann tók einnig þátt í íþróttum og öðru tómsundastarfi. Hann var ekki hvattur til að stunda tómsundastarf af foreldrum sínum. Hann leitaði tómsundastarfið uppi vegna þess að honum leiddist mikið.

Í félagsmiðstöðinni umgekkst hann aðeins öðruvísi hóp en hann gerði í skólanum og kynntist þannig nýju fólki og eignaðist nokkuð af vinum.

### **8.1.4 Erfiðleikar**

Þegar líða fór á skólann fór hann að verða fyrir aðkasti vegna uppruna síns og leiddi það oftast en ekki til slagsmála. Þetta átti sér stað í lok skóladags og utan skipulagðs tómsundastarfs. Talað var við kennara út af þessu en það skilaði litlum árangri og hélt þetta áfram eins og ekkert hefði verið tekið á þessu.

### **8.1.5 Viðhorf til búsetu**

Þrátt fyrir að hann hafi orðið fyrir óskemmtilegri reynslu þá telur hann að hann hafi verið heppinn að koma á svona lítinn stað. Hann vissi til þess að á höfuðborgarsvæðinu væru hópar sem leituðu uppi jafnaldra sína af erlendum uppruna til þess að ganga í skrokk á þeim.

## ***8.2 Viðtal við 17 ára dreng frá Asíulandi***

Drengurinn stundar nám í framhaldskóla og hefur hug á því að hefja sérhæft nám að því loknu. Hann býr hjá foreldrum sínum.

### **8.2.1 Koman til landsins**

Drengurinn kom til landsins níu ára gamall í lítið þorp og fór beint í skóla og var tekið mjög vel á móti honum þar. Hann var mjög spenntur að koma til landsins og hlakkaði mikið til að koma. Hinsvegar kveið hann nokkuð fyrir fyrsta skóladeginum.

Honum fannst allir á staðnum taka sér og fjölskyldu sinni mjög vel og fannst honum hann vera velkominn í þetta nýja samfélag. Ekki skemmdi fyrir að hann náði góðu valdi á íslensku mjög fljótt.

### **8.2.2 Skólinn**

Þegar í skólann var komið töluðu kennarar við hann á ensku sem hann kunnir ágætlega, einnig töluðu aðrir nemendur við hann á ensku þó sumir hafi reynt að tala við hann á íslensku sem hann skildi ekki.

### **8.2.3 Tómstundastarf**

Ekki var mikið af tómstundastarfi í boði og var félagsmiðstöðin það eina sem var skipulagt. Engin kynning var á félagsmiðstöðinni í skólanum né annarsstaðar heldur fékk hann upplýsingar um hana frá jafnöldrum sínum.

Eitt sumarið var boðið uppá íþróttanámskeið í þorpinu og voru auglýsingar um það aðeins á íslensku. Hann átti sem betur fer ættingja sem höfðu verið á staðnum í nokkurn tíma og fékk þannig upplýsingar um íþróttanámskeiðið sem hann tók svo þátt í og vann til verðlauna í keppni sem haldin var í lokin.

Hann kynntist engu nýju fólki í gegnum það tómstundastarf sem hann sótti í, því hann þekkti flesta þá þegar úr skólanum.

#### **8.2.4 Erfiðleikar**

Þegar líða fór á grunnskólagönguna fór að bera á ákveðnu áreiti frá samnemanda sem var með skot á hann vegna uppruna hans. Kennarar vissu ekki af þessu en samnemendur vörðu hann fyrir þessu áreiti. Hann vekur einnig máls á því að litlir krakkar hafi verið mjög forvitin um útlit hans og spurt hann margra spurninga um það og uppruna hans.

#### **8.2.5 Viðhorf til búsetu**

Í lokin segir hann að hann hafi verið heppinn að koma í svona lítið þorp sem þetta og telur að hann hefði ekki haft það svona gott á höfuðborgarsvæðinu eða annarstaðar í stærra samfélagi. Öll móttaka segir hann að hafi verið að öllu leyti til fyrirmyndar og segir hann að ekkert hefði mátt betur fara.

### ***8.3 Viðtal við 18 ára stúlku frá Evrópulandi***

Stúlkan stundar vinnu sem henni líkar vel. Hún var í framhaldsskóla en er að svo stöddu í hvíld frá námi. Hún er búsett hjá foreldrum sínum.

#### **8.3.1 Koman til landsins.**

Stúlkan kom til landsins um mitt sumar þegar hún var þrettán ára gömul. Hún flutti í lítið þorp þar sem tekið var ágætlega á móti henni. Hún var mjög kvíðin að takast á við lífið í nýja landinu, sér í lagi litla þorpinu sem hún var komin í og vild helst fara heim aftur. Hún kynntist fljótlega krökkum á hennar aldri og gat tjáð sig við þau á ensku sem hún hafði lært í einkatímum í móðurlandi sínu.

### 8.3.2 Skólinn

Hún átti að fá sérstaka íslenskukennslu í skólanum. Þegar skólinn hófst var ekkert farið að gerast í þeim málum og var hún í skólanum í tvær vikur án þess að skilja neitt af því sem fram fór, það eina sem hún gat skilað almennilega frá sér var stærðfræði. Þegar ekkert gekk að fá íslenskukennslu fyrir stúlkuna og tvær vikur voru liðnar af skólanum var hún flutt í skóla í öðrum byggðakjarna þar sem hún fékk góða kennslu í íslensku við hennar hæfi.

Í nýja skólanum gekk allt vel að mestu leyti og stelpurnar í árganginum hennar tóku hana inn í hópinn, en í árganginum voru um sextíu krakkar.

### 8.3.3 Tómstundastarf

Á þessum tíma stundaði hún félagsmiðstöðina í þorpinu fyrir tilstuðlan vinkvennanna sem hún hafði eignast þar fyrr um sumarið. Hún vissi þá ekki af þessu starfi nema vegna þess að vinkonur hennar sögðu henni frá því, alla aðra kynningu vantaði.

Þegar hún fór að stunda félagsmiðstöðina í þorpinu var tekið vel á móti henni, allir kynntu sig og sögðu frá áhugamálum sínum og allt starfið var miðað út frá einstaklingunum, þar á meðal henni.

Félagsmiðstöðin við nýja skólann var töluvert frábrugðin þeirri sem hún hafði kynnst í þorpinu því þar fór engin kynning fram og ekkert virtist gert til þess að ná til hennar. Virtist starfið hálf stjórnlaust og hentaði henni því mjög illa.

Stúlkunni og hennar fjölskyldu var ekki kynnt sérstaklega það tómstundastarf sem var á staðnum hvort sem var félagsmiðstöðina, íþróttafélagið eða nokkur önnur starfsemi, að undanskildu unglíngastarfi björgunarsveitarinnar.

Fulltrúi unglíngastarfs björgunarsveitarinnar hafði bæði samband við stúlkuna og foreldra hennar og kynnti starfið. Hún ákvað að slá til og þar var mikið aðhald haft með henni og tryggt sérstaklega að henni liði vel í starfinu og almenn eftirfylgni.

Hún var dálítið smeyk við að taka þátt í tómstundastarfi hér á landi því hún var hrædd um að fólk mundi tala mikið um hana. En þegar hún komst betur inn í samfélagið fann hún að andrúmsloftið var mun léttara en hún hafði átt að venjast og allir virtust

vinalegir í þorpinu og eftir á að hyggja telur hún að það hafi verið mun betra fyrir hana að flytja í lítið þorp heldur en stærri bæ.

Hún talaði einnig um að foreldrar hennar hefðu hvatt hana til þess að taka þátt í öllu tómstundastarfi sem hún hafði kost á. Hún kynntist nýju fólki í gegnum það skipulagða tómstundastarf sem hún sótti og eignaðist vini.

#### **8.3.4 Erfiðleikar**

Áður en langt um leið fóru strákarnir að beita hana einelti. Eineltið fólst í orðum og ljótum munnsöfnuði um hana þar sem hún kunni ekki íslensku. Stelpurnar í árganginum tilkynntu eineltið en ekkert virtist tekið á málinu. Hún ákvað því að hunsa það og þá dró úr því að mestu.

#### **8.3.5 Viðhorf til búsetu**

Hún telur að það hafi verið kostur að flytja í svona lítið þorp þar sem allir þekkja alla. Við það eitt að vera í skóla í stærri bæ fann hún strax mun. Eins hefur hún búið á höfuðborgarsvæðinu og þar þótti henni ekki eins gott að vera „útlendingur“.

### ***8.4 Viðtal við móður 18 ára stúlku frá Evrópulandi***

Konan flutti til landsins í leit að atvinnu, þá 24 ára gömul og flutti hún í bæ á Vestfjörðum, var þá dóttir hennar þá 5 ára gömul. Hún kynntist íslenskum manni og fóru þau mjög fljótlega að að búa saman. Dóttirin kom síðan ári seinna. Hún er 18 ára í dag og er í framhaldsskóla.

#### **8.4.1 Skólinn**

Stúlkan fór strax inn í skóla og getur móðirin ekki kvartað yfir móttökunni þar, stúlkan fékk íslenskukennslu frá sérkennara við skólann. Móðirin tók einnig virkan þátt í skólagöngunni með stúlkunni framanaft og sat meðal annars með dóttur sinni í kennslustundum. Var dóttirin orðin altalandi á íslensku eftir hálf ár.

### **8.4.2 Tímstundastarf**

Stúlkan fór strax í tónlistarnám og síðan var hún til skamms tíma í körfubolta auk þess að stunda félagsmiðstöðina í bænum og var hún dugleg að mæta þangað. Í félagsmiðstöðinni var hún mikið með sama vinahópnum. Telur móðirin mjög nauðsynlegt fyrir ungmenni af erlendum uppruna að taka þátt í skipulögðu starfi með öðrum utan skóla til þess að auðvelda aðlögun að samfélaginu og læra tungumálið.

Móðirin telur tímstundir vera mjög mikilvægar fyrir ungmenni því þær skili betra fólki til samfélagsins.

### **8.4.3 Erfiðleikar**

Stúlkan varð ekki fyrir erfiðleikum að neinu marki, það eru þó alltaf einhver börn sem taka eftir því að sumir eru öðruvísi en aðrir og koma með athugasemdir um það og tók hún því oftast mjög illa. Þegar líða fór á skólagönguna voru vissir aðilar mjög duglegir að minna hana á að hún væri ekki af íslenskum uppruna.

Þar sem stelpur geta oft verið stelpum erfiðar átti hún mest samneyti með strákum á fyrrihluta skólagöngunnar.

### **8.4.4 Fyrirstaða þátttöku í tímstundastarfi**

Aðal fyrirstöður þess að ungmenni af erlendum uppruna taki þátt í tímstundastarfi eru tvær. Annarsvegar er um að ræða kostnað sem fylgir tímstundastarfinu. Hinsvegar er skortur á kynningu. Móðirin telur þetta ekki bara eiga við um ungmenni af erlendum uppruna heldur öll ungmenni.

### **8.4.5 Búseta**

Móðirin telur að mun betra sé fyrir börn að flytja í smærri samfélag líkt og bæinn sem þær mæðgur fluttu til. Mun betra að er til dæmis að fylgjast með ferðum barna sinna og betra að ná tengslum við foreldra vinanna.



## ***8.5 Viðtal við fósturföður 15 ára drengs frá Evrópulandi***

Drengurinn flutti til Íslands með móður sinni 13 ára gamall í lítið þorp og fór beint inn í skóla. Fósturfaðirinn er íslenskur.

### **8.5.1 Skólinn**

Fósturfaðirinn telur að skólinn hafi verið þokkalega undir það búinn að taka á móti drengnum og allir hafi verið mjög duglegir að aðstoða hann við námið. Drengurinn varð ekki fyrir neinu aðkasti í skólanum og þakkar hann því helst að hann kemur úr blandaðri fjölskyldu og telur að það hafi haft mikið að segja um viðhorf samnemenda. Faðirinn veit tildæmis af öðrum einstaklingum sem eiga báða foreldra erlenda sem hafa orðið fyrir aðkasti vegna uppruna og telur hann það ástæðuna.

Einn dragbítur drengsins er góð enskukunnátta hans sem varð til þess að jafnaldrar og kennarar ávörpuðu hann ætíð á ensku og hann svaraði ávallt á ensku á móti. Það hefur valdið því að hann hefur verið ragur að tala íslensku þó hann skilji og tali hana vel. Hann hefur meðal annars fengið 8 – 9 í einkunn í íslensku.

### **8.5.2 Tómstundir**

Drengurinn hefur verið mjög virkur í fótbolta síðan hann kom og hefur stundað æfingar og farið í keppnisferðalög. Hann stundar einnig félagsmiðstöðina á staðnum. Jafnaldrar hans bönkuðu uppá hjá honum fljótlega efir að hann kom og fengu hann með sér út í margskonar samveru og í félagsmiðstöðina.

### **8.5.3 Erfiðleikar**

Drengurinn lenti í örlitlum erfiðleikum og átti erfitt um tíma en það var engan veginn vegna uppruna hans heldur varð þar aðeins um að ræða „venjuleg vandamál unglingsárana“ en úr þeim leystist fljótt.

### **8.5.4 Fyrirstaða þátttöku í tómstundastarfi**

Aðal fyrirstöður þess að ungmenni af erlendum uppruna taki þátt í tómstundastarfi eru að mati fósturföðurins þrjár. Í fyrsta lagi er það sá kostnaður sem fylgir tómstundastarfinu, í annan stað er skortur á kynningu og í þriðja lagi skortur á fjölbreytni. Til dæmis er ekki mikið í boði sem tengist listum og menningu fyrir ungt fólk.

Fósturfaðirinn talar um að möguleikar ungmenna til að taka betur þátt í tómstundastarfi og fá hlutverk í samfélaginu mættu vera meiri. Það mætti til dæmist gefa þeim það hlutverk að skreyta bæinn í kringum jólin, páskana og við önnur álíka tækifæri.

### **8.5.5 Búseta**

Fósturfaðirinn telur það ákveðin forréttindi að fá að búa í svona litlu samfélagi. Í litlu þorpi sem þessu geta ungmenni oft fengið að komast í vinnu og þar að leiðandi komist í tengsl við samfélagið og ólíka þætti þess. Eins telur hann að gott sé við smæðina að minni hætta sé á aðkasti þar sem allir eru svo nálægt hverjum öðrum

## 9 Hindranir

Eins og fram kemur í viðtölum við ungmennin, foreldra þeirra og þá sem standa fyrir skipulagðri tómstundastarfsemi eru hindranir í vegi.

- Upplýsingar um það skipulagða tómstundastarf sem er í boði eru ekki til staðar og vita hvorki börn né foreldrar þeirra af því nema vegna íslenskra jafnaldra þeirra. Þó hefur einhver lítilsháttar kynning átt sér stað í skólum.
- Kostnaður vegna þátttöku-, æfinga- og félagsgjalda er eitthvað sem foreldrar sjá sér ekki fært um að veita.
- Skortur á fjölbreytni og ofuráhersla á íþróttaiðkun getur verið þess valdandi að sum ungmenni taki ekki þátt.
- Fordómar eða aðkast gagnvart ungmönnum af erlendum uppruna á sér stað og getur það sannarlega fælt ungmenni af erlendum uppruna frá tómstundastarfinu.
- Skipulagsleysi og það að ekki sé unnið að því að ná til ungmenna getur einnig verið hindrun.

## 10 Samantekt

Hér á eftir verður farið í niðurstöður viðtalanna, bæði þeirra sem tekin voru við ungmennin og þá sem standa fyrir skipulögðu tómstundastarfi á Norðanverðum Vestfjörðum.

### *10.1 Tómstundastarf á Norðanverðum Vestfjörðum*

Hjá sveitarfélögunum hefur ekki verið unnið markvisst að því að fá ungmenni af erlendum uppruna til þess að koma inn í tómstundastarf. Hinsvegar er að fara í gang starf til úrbóta í þessum efnum, bæði hjá Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað.

Það er samdóma álit allra þeirra sem talað var við varðandi hindranir að kynninga væri ábótavant og virðist það því vera stærsta hindrunin.

Líkt og kemur fram í viðtölum við þá sem standa fyrir skipulögðu tómstundastarfi hjá hinum frjálsum félagasamtökum eru engar áætlanir til að fá ungmenni af erlendum

uppruna inn í starfið hjá þeim. Ekki eru heldur neinar áætlanir um móttöku þeirra þegar þau koma. Orðsendingar og auglýsingar eru að auki einungis útbúnar á íslensku. Í sumum tilvikum er unnið að því að fá ungmennin af erlendum uppruna inn í starf frjálsu félaganna en virðist kylfa ráða kasti í því starfi.

## ***10.2 Viðtöl við ungmenni og foreldra af erlendum uppruna***

Eins og fram hefur komið skortir alvarlega kynningu á því starfi sem er í boði fyrir ungmennin og virðist það helst vera fyrir tilstilli íslenskra jafningja eða fósturforeldranna að þau fái yfir höfuð að fréttu af starfinu og viðtölin við þá sem standa fyrir starfinu undirstrika það. Ungmennin telja sig vera heppin að hafa komið inn í svona lítið samfélag og telja að þau hefðu átt erfiðara uppdráttar hefðu þau verið á höfuðborgarsvæðinu. Ungmennin eiga það öll sameiginlegt að þau eignuðust nýja vini í tómstundastarfinu. Það aðkast sem þau urðu fyrir vegna uppruna síns var fyrst og fremst í skólanum eða eftir skóla en ekki í hinu skipulagða tómstundastarfi.

Kostnaður er einnig hindrun til þátttöku fyrir alla í skipulögðu tómstundastarfi eins og kemur fram í viðtölum við foreldrana. Auk þess er skortur á fjölbreytni tiltekinn. Eiga þessir þættir við um öll ungmenni en ekki bara þau sem eru af erlendum uppruna.

Það er hinsvegar ljóst að ekki er hægt að fá neina heildar niðurstöður úr svo fáum viðtölum en þau geta þó gefið okkur nokkra mynd af því hvernig staðið er að málum og hvernig börn af erlendum uppruna hafa það á Norðanverðum Vestfjörðum.

## **11 Umræður**

Fjöldi þeirra sem flytja hingað til lands hefur farið jafnt og þétt uppávið en síðustu ár hefur fjöldi þeirra margfaldast og eflaust á sá fjöldi eftir að aukast enn frekar. Hlutfall ungmenna af erlendum uppruna er lang hæst á Austurlandi eða 4% en Vestfirðir fylgja þar fast á eftir með 3%.

Á árunum fá sex til sautján ára aldurs verða miklar félagslega breytingar hjá einstaklingnum. Frá tólf ára aldri er einstaklingurinn stöðugt að leita að sjálfum sér og þarfnast mun meira jafningjanna heldur en foreldrana

Mörg félagsleg vandamál geta komið upp hjá fólki sem flytur á milli landa. Vandamálin sem geta komið upp eru menningarsjökk, félagsleg einangrun og klíkumyndun eins og fjallað var um hér á undan. Þessi vandamál eiga við um fólk af erlendum uppruna á öllum aldri.

Breytt fjölskyldu- og samfélagsstaða hefur orðið til þess að börn eru mun meira ein í frítíma sínum þar sem foreldrar eru fjarverandi.

Skipulagt tómstundastarf hefur mikið forvarnargildi varðandi þessa þætti og dregur úr félagslegri einangrun. Líta má á skipulagt tómstundastarf sem nám, þó ekki nám þar sem maður lærir eitthvað bóklegt og tekur próf heldur frekar þar sem maður aflar sér færni í einhverju sem maður hefur áhuga á sem getur síðan hjálpað til við að byggja upp sterka sjálfsmynd.

Mögulegar hindranir fyrir þátttöku ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu tómstundastarfi geta verið tungumálaerfiðleikar, mikið námsefni og vegna tungumálsins getur það tekið langan tíma, verkefni barna á heimilinu, breytingar sem eiga sér stað í lífi ungmenna þegar þau flytja, jafnvel nokkrum árum á eftir móður sinni, einangrun móður getur orsakað félagsleg vandamál barna hennar, kostnaður við tómstundastarf getur valdið fjarveru og fordómar hafa einnig mikið að segja.

Á Norðanverðum Vestfjörðum hefur nær ekkert verið unnið að því að fá ungmenni af erlendum uppruna inn í skipulagt tómstundastarf, þó með einhverjum undantekningum. Í þeim tilvikum sem það hefur verið gert voru engar áætlanir í gangi heldur virtist framtaksemi núverandi stjórnar ráða því. Á ýmsum stöðum á svæðinu er áhugi fyrir breytingum til hins betra í þessum málum.

Raunverulegar hindranir fyrir þátttöku eru skortur á upplýsingum um það starf sem er í gangi, kostnaður, móttaka á vettvangi og skortur á fjölbreytni.

## 11.1 Úrbætur

Hvað er hægt að gera til þess að tryggja betra aðgengi að skipulögðu tómstundastarfi fyrir ungmenni af erlendum uppruna á svæðinu? Það er ljóst að það er margt sem þarf að gera til að bæta úr þessum málum og tryggja að börnin hafi greiðan aðgang að skipulögðu tómstundastarfi. Margir hafa sifið á verðinum og ekki áttað sig á þeim fjölda fólks sem hér býr. Aðrir hafa áttað sig á því en þessi málaflókkur verður kannski ekki efst á lista þegar flest öll starfsemi þarf að glíma við fjármagnsskort. Þær úrbætur sem þyrfti að fara í varðandi kynningu, kostnað og móttöku ætti að byrja hjá sveitarfélögunum.

## 11.2 Sveitarfélögin

Sveitarfélögin þurfa að taka sig á og kynna markvisst það sem sveitarfélagið býður uppá í tómstundastarfi. Ekki einungis það sem sveitarfélagið sjálft er að gera heldur það fjölbreytta mannlíf og þjónustu sem í boði er. Bolungarvíkurkaupstaður er þegar að fara í þetta ferli og mættu aðrir taka það sér til fyrirmyndar. Kynningar af þessum toga mættu til dæmis vera í formi bæklinga þar sem helstu þættir eru kynntir og ættu slíkir bæklingar að vera á nokkrum tungumálum. Ítarefni gæti síðan verið að finna á vefsíðu sem tilgreind yrði í bæklingnum. Þetta hentar ekki aðeins þeim aðilum sem eru af erlendum uppruna heldur kæmi þetta sér vel fyrir alla sem flytja á staðinn. Þetta er góð leið til þess að bjóða fólk velkomið.

Engin stefna er í gangi í félagsmiðstöðvum á Norðanverðum Vestfjörðum til móttöku eða kynningu fyrir ungmenni af erlendum uppruna. Koma þarf upp markvissri stefnu í þessum efnum hjá félagsmiðstöðvunum og tryggja með því opinn aðgang og góða móttöku. Starfsfólk félagsmiðstöðvanna þarf umfram allt að vera fagfólk og kunna að vinna með einstaklinga/einstaklingum sem ekki falla undir hið margumtalaða norm. Þarna er einmitt þörfin mest því býsna algengt er að starfsfólk félagsmiðstöðvanna sé ófagglært og jafnvel bara litlu eldra en þeir sem verið er að starfa með.

Eins og fram hefur komið hefur starf félagsmiðstöðva verið kynnt í einhverjum mæli í skólum en alls ekki allsstaðar. Skólar ættu ekki aðeins að sjá um íslenskukennslu fyrir ungmenni af erlendum uppruna heldur líka Íslandskennslu þar sem þau fá að læra

um Ísland og íslenska menningu, þar á meðal það skipulagða tómstundstarf þeim býðst. Það má velta fyrir sér hvort slík kennsla myndi ekki hæfa fullorðnum líka.

Þar sem kynningu vantar væri æskilegt að þeir sem starfa í félagsmiðstöðvunum ynnu markvisst að því að fá þá fulltrúa frjálsra félagasamtaka sem starfa fyrir tómstundastarfi ungmenna til að kynna starfsemi sína í félagsmiðstöðinni til að auka fjölbreytnina,

Kostnaður tómstunda getur verið eins og fram hefur komið töluverður og væri ekki úr vegi fyrir sveitarfélögin að niðurgreiða af einhverju eða öllu leyti þátttökugjöld í tómstundum ungmenna. Þetta á auðvitað við um alla hópa, ekki einungis þá sem eru af erlendum uppruna því margar fjölskyldur standa oft höllum fæti hver sem uppruni þeirra er.

Til að bæta úr fábreytni í möguleikum til tómstunda mætti styrkja þá sem standa fyrir annarskonar tómstundastarfi en íþróttum til að koma af stað starfi fyrir ungmenni. Þá er hægt að horfa sérstaklega til þeirra sem standa fyrir menningarstarfi; skáta og björgunarsveitana, auk íþróttastarfseminnar.

Athyglisvert væri að koma af stað samvinnuverkefni þar sem félagsmiðstöðvarnar og hin frjálsu félagasamtök ynnu markvisst saman að því að skipuleggja fordómalaus dagskrá sem innihéldi samspil útivistar, íþróttar og menningar þar sem allir væru jafnir og allar skoðanir og aðferðir væru jafn mikils metnar.

### 11.3 Lokaorð

Eftir að hafa unnið þetta verkefni sér höfundur hversu lítið tómsundur ungmenna af erlendum uppruna hafa verið rannsakaðar og virðast þeim hafa verið veitt lítil athygli hingað til. Þó virðast sveitarfélögin vera að vakna til vitundar um þessa þætti og þörfina á sérstakri móttöku ungmennanna í skipulagt tómsundastarf.

Vissulega þarf áætlanir um það hvernig taka ætti á móti ungmennum, hver einstaklingur er sérstakur og hef sínar þarfir og því er mikilvægt að tekið sé á móti honum af fagmennsku og þekkingu. Þörf er fyrir að hugsa stöðugt um fjölbreytileika hópsins.

Það má hinsvegar velja því fyrir sér hversu hart hin frjálsu félagasamtök eiga að leggja sig fram við að fá ungmenni af erlendum uppruna inn í starfið ein síns liðs. Ætti slíkt ferli ekki að byrja hjá sveitarfélögunum og það ætti að kynna það sem í boði er bæði hjá þeim sjálfum og öðrum sem standa fyrir skipulögðu tómsundastarfi? Óvíst er hvort upplýsingar um aðra þjónustu liggi fyrir þar sem algjör vöntun er á upplýsingum í þessum málaflökki. Þessar upplýsingar ættu ekki að vera einungis aðgengilegar fyrir þá sem eru af erlendum uppruna heldur líka íslendinga.

Telur höfundur mikla þörf hafa verið á verkefni sem þessu og að það sé full ástæða til frekari rannsókna og vinnu í málefnum ungmenna af erlendum uppruna.



## Heimildir

Australian government. 2004. Loneliness and social isolation. Vefslóð: <http://www.seniors.gov.au/internet/seniors/publishing.nsf/Content/Loneliness+and+social+isolation> Sótt 4. apríl 2007

Axel Kristinsson. 2001. Eru til áþreifanlegar sannanir fyrir veru Papa á Íslandi fyrir landnám norrænna manna? Vefslóð: <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=1732> Sótt 15. janúar 2007

Brynjólfur Sigurjónsson. 2007. Tölvupóstur til höfundar með gögnum frá Hagstofu Íslands. 2. febrúar.

Einar Skúlason. 2007 a. Viðtal höfundar við Einar Skúlason, framkvæmdastjóra Alþjóðahúss, um ungmenni af erlendum uppruna og tómstundir þeirra. 28. febrúar

Einar Skúlason 2007 b. Tölvupóstur til höfundar um aðila í tómstundastarfi sem sinna ungmennum af erlendum uppruna og fordóma í starfi. 30. mars 2007

Elísabet Margrét Jónasdóttir. 2007. Viðtal höfundar við Elísabetu Margréti Jónasdóttur um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar í Súðavík og móttöku ungmenna af erlendum uppruna. 10. apríl 2007

Erla Hallsdóttir. 2007. Viðtal höfundar við Erlu Hallsdóttur hjá Þjóðskrá um tvöfalt ríkisfang. 27. febrúar

Erik Newman. 2007. Viðtal höfundar við Erik Newman forstöðumann félagsmiðstöðva Ísafjarðarbæjar um stefnu félagsmiðstöðva Ísafjarðarbæjar í málefnum ungmenna af erlendum uppruna. 16. febrúar 2007

Erna Guðmundsdóttir. 2007. Viðtal höfundar við Ernu Guðmundsdóttur formann Leikfélagsins Hallvarðs sýganda um þátttöku ungmenna af erlendum uppruna í starfi félagsins, 31.mars 2007

Dagbjört Ásbjörnsdóttir. 2006. „Tweens“ Fyrirlestur fluttur í kennslustund í Tólmstundir og félagsmál III. Í Kennaraháskólanum, 25. apríl.

Forsætisráðuneytið. 2005. Skýrsla nefndar um stefnumótun í málefnum barna og unglinga. Forsætisráðuneytið, Reykjavík.

Friðrik Stefánsson. 2007. Viðtal höfundar við Friðrik Stefánsson um starfsemi Litla leikklúbbsins og fólk af erlendum uppruna. 2. apríl 2007.

Guðni Guðnason. 2007. Viðtal höfundar við Guðna Guðnason um starfsemi KFÍ og móttöku ungmenna af erlendum uppruna. 10. apríl 2007.

Hagstofa Íslands. 2006 a „Mannfjöldi eftir ríkisfangslandi, kyni og aldri 1. desember 2006 – bráðabirgðatölur” Vefslóð:  
<http://www.hagstofan.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04104%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+r%EDkisfangslandi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+desember+2006+%2D+br%E1%F0abirg%F0at%F6lur%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=Fjoldi> Sótt 16. janúar 2007.

Hagstofa Íslands. 2006 b „Ríkisfang – fæðingarland” Vefslóð:  
<http://www.hagstofan.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04001%26ti=Hlutfall+erlendra+r%EDkisborgara+af+mennfj%F6lda+1950%2D2005+%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=fjoldi> Sótt 16. janúar 2007.

Halldór Jónbjörnsson. 2007. Viðtal höfundar við Halldór Jónbjörnsson um Ungmennafélagið Geisla og móttöku ungmenna af erlendum uppruna, 10. apríl 2007.

Heiður Hrund Jónsdóttir, Hildur Svavarsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Friðrik H. Jónsson. 2004. *Viðhorf innflytjenda á Vestfjörðum og Austurlandi*. Vefslóð: <http://www.fel.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1006320/Innflytjendur+%C3%A1+Vestfj%C3%B6r%C3%B0um+og+Austurlandi.pdf> Sótt 1. apríl 2007.

Helga Guðmundsdóttir 2007. Viðtal höfundar við Helgu Guðmundsdóttur um veru erlends verkafólks á Austurlandi og nemendur í Kárahnjúkaskóla, 26 apríl 2007

Helgi Grímsson. 2001 *Skátasveitin*. Bandalag íslenskra skáta, Reykjavík.

Helgi Hjartarson. 2007. Viðtal höfundar við Helga Hjartarson um starfsemi björgunarsveitarinnar Tinda, 5. apríl 2007.

Hera Hallbera Björnsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. 2003. *Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun íslenskra unglinga*. Rannsóknir og greining, Reykjavík.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 1993. „Samskipti og vinátta skólabarna.“ *Sálfræðibókin*. Mál og menning, Reykjavík.

Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. 2004. *Um gildi tónlistarnáms fyrir íslensk ungmenni*. Rannsóknir og greining ehf, Reykjavík.

Ingibjörg Snorradóttir. 2007. Viðtal við Ingibjörgu Snorradóttur um starfsemi Einherja – Valkyrjurnar og móttöku ungmenna af erlendum uppruna. 4. Apríl 2007.

Íslensk Orðabók 3. útgáfa, aukin og endurbætt. 2002. Ritstjóri Mörður Árnason, Edda, Reykjavík.

Kristín Björnsdóttir. 2003. Sérnámsbrautir og skólasamfélag- Samskipti þroskaheftra og ófatlaðra framhaldskólanema: 134. *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar rannsóknir*, ritstjóri Rannveig Traustadóttir. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Margrét Halldórsdóttir. 2007. Viðtal höfundar við Margréti Halldórsdóttur um starfsemi Skíðafélags Ísfirðinga og móttöku ungmenna af erlendum uppruna, 10. apríl 2007.

McMillan, James H. 2006. *Educational Research. Fundamentals for the consumer*. Person education, Bostun.

Medical and Health News Headlines. 2006 „Social isolation and loneliness can affect both psychological and physical health“ Vefslóð: <http://www.news-medical.net/?id=19361> Sótt 4. apríl 2007.

Menntamálaráðuneytið. 1997. Um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi. Álit nefndar um málefni útlendinga. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Millam, Rosalind. 2002. *Anti-discriminatoru practice*. Continuum, New York.

Óskar Dýrmundur Ólafsson. 2004 „Gildi tómstunda“ Fyrirlestur fluttur í kennslustund í Tómsundur og félagsmál II 14. september.

Rannveig Bjarnadóttir. 2002 „Hvað telja unglingar sig læra af áhugamálum sem þeir stunda utan skólans?“ Uppeldi og menntun II: 207-226.

Rauðikross Íslands 2007. „Hver er munurinn á kynþáttafordómum, kynþáttahyggju og mismunun?“ Vefslóð: <http://redcross.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wo/0.RkiYtriLook0.11.5> Sótt 6. apríl 2007.

Sigmundur Þórðarson. 2007. Viðtal höfundar við Sigmund Þórðarson formann Íþróttafélagsins Höfrungs, um starfsemi þess og móttöku ungmenna af erlendum uppruna, 18. janúar.

Sigrún Viggósdóttir. 2007. Viðtal höfundar við Sigrúnu Viggósdóttur um starf Dægradvalar og móttöku barna af erlendum uppruna. 10. apríl 2007.

Skátafélagið Hraunbúar. 2007. „Skátastarf er.“ Vefslóð: <http://www.hraunbuar.is/frodleikur/skatastarf-er> Sótt 4 apríl 2007.

Starfshópur um skólagöngu og frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti. 2006. *Greinagerð og tillögur starfshóps um skólagöngu og frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti.* ÍTR Reykjavík.

Svava Rán Valgeirsdóttir. 2007. Viðtal höfundar við Svövu Rán Valgeirsdóttur formann Íþróttafélagsins Stefnis um starfsemi þess og móttöku ungmenna af erlendum uppruna, 24. Janúar.

Svavar Þór Guðmundsson. 2007. Viðtal höfundar við Svavar Þór Guðmundsson um starfsemi BÍ88 og móttöku ungmenna af erlendum uppruna, 10. apríl 2007.

Torfi Jóhannsson. 2007. Viðtal höfundar við Torfa Jóhannsson framkvæmdastjóra Héraðssambands Vestfjarða um málefni ungmenna af erlendum uppruna innan Héraðssambandsins, 23. janúar.

Unnur Dís Skúladóttir. 2007. Viðtal höfundar við Unni Dís Skúladóttur hjá Háskóla Íslands um rannsókn sem hún gerði um erlendar konur á Íslandi. 12. febrúar.

Vigil, James Diego. „ Learning from Gangs: The Mexican American Experience” Vefslóð:

[http://eric.ed.gov/ERICDocs/data/ericdocs2/content\\_storage\\_01/0000000b/80/2a/28/04.pdf](http://eric.ed.gov/ERICDocs/data/ericdocs2/content_storage_01/0000000b/80/2a/28/04.pdf)  
df Sótt 9. febrúar 2007.

Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir.  
2000. *Félagsstarf og frístundir íslenskra unglinga*. Æskan, Reykjavík.

Tilvísanir og heimildavinna er unnin eftir bókinni *Handbók um ritun og frágang* eftir  
Ingibjörgu Axelsdóttir og Þórunni Blöndal.

## Viðaukar

Höfundur fékk þau ungmenni sem hann ræddi við til þess að rita undir yfirlýsingu um trúnað auk þess sem hann ritaði undir hana sjálfur. Í því tilviki sem ungmennið var ekki orðið 18 ára var fengið munnlegt leyfi forráðamanns og ritað undir í hans viðurvist. Hér að neðan má sjá yfirlýsinguna ódagsetta.

## Yfirlýsing

Ég undirritaður, Unnar Þór Reynisson kt: 140575 4299 er að vinna að lokaverkefni mínu á Tómsunda- og félagsmálabraut við Kennaraháskóla Íslands. Rannsóknarspurning verkefnisins er

**Hvernig er tekið á móti ungmennum af erlendum uppruna í skipulagt tómsundastarf, hvaða hindranir eru í vegi og hvað mætti gera til þess að bæta aðgang þeirra?**

Í verkefni mínu tek ég viðtöl við ungmenni, foreldra eða fósturforeldra ungmenna af erlendum uppruna og byggi verkefnið mitt á reynslu þeirra auk fræðileglegra gagna.

Einstaka atriði viðtalanna verða ekki rekjanleg á nokkurn hátt og heitir undirritaður fyllsta trúnaðar.

---

Unnar Reynisson.

---

Xxxxx Xxx Xxxxx.